




Grunnskóli Reyðarfjarðar

Jafnréttisáætlun



Inngangur

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í Aðalnámsskrá grunnskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu og atvinnulífi. Markmið námsins og kennslunnar og starfshættir skólans skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun m.a. vegna uppruna, kyns, kynhneigðar og trúarbragða.

Jafnréttisáætlun Fjarðabyggðar tekur á jafnrétti fyrir alla og í allri starfsemi bæjarfélagsins skal taka mið af jafnréttisáætluninni. Í málefnum æskulýðsins segir: *Stuðla skal að jöfnum tækifærum drengja og stúlkna til náms og tómsunda á öllum skólastigum.*

Einnig að:

- Sjálfsstyrking skuli vera hluti af námi á öllum skólastigum til að efla jákvæð samskipti nemenda.
- Námsferni mismuni ekki nemendum eftir kyni eða uppruna.
- Í Fjarðabyggð verði lögð áhersla á aðgengi að fjölbreyttu framhaldsnámi sem henti báðum kynjum.

Grunnskóli Reyðarfjarðar er fjölmenningarlegur, án aðgreiningar og leggur áherslu á sjálfsagðan breytileika fólks, virðingu og vellíðan allra nemenda og starfsmanna og fjölbreytta kennsluhætti. Lögð er áhersla á mikilvægi einstaklingsins og það sem fólk á sameiginlegt frekar en það sem aðgreinir.

Grunnskóli Reyðarfjarðar stefnir að því, í samvinnu við forráðamenn nemenda, að byggja upp sjálfstæða og heilsteypta einstaklinga sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu.

Í stefnu skólans segir: *„Skólinn á að snúast um heill og hamingju nemenda. Í honum eiga þeir að geta þroskast og dafnað í öruggu skjóli, þar sem þeim á að geta liðið vel og notið tækifæra til að afla sér þekkingar og leikni.“*

Skólinn vinnur eftir Olweus, aðgerðaráætlun gegn einelti.

Markmið:

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar tekur annars vegar til nemenda og hins vegar starfsmanna. Helsti áherslupátturinn í skólastarfi er að nemendur, kennarar og

annað starfsfólk nái hámarksárangri og skólastarfið miði að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska.

Hver einstaklingur er metinn á eigin forsendum án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Samkvæmt 22. grein jafnréttislaganna er kynferðisleg áreitni bönnuð. Löggin skilgreina kynferðislega áreitni sem kynferðislega hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Stundum getur verið erfitt að gera sér grein fyrir því hvort kynferðisleg áreitni á sér stað. Ef skilgreining laganna er skoðuð þá er augljóst að það er tilfinning þess sem verður fyrir áreitinu sem skilgreinir hana. Þegar farið er yfir ákveðin mörk kemur upp staða sem erfitt er að glíma við án hjálpar. Mikilvægt er því að láta vita ef manni finnst gengið of langt og ræða það við sína nánustu ef upp kemur óþægileg aðstaða sem gæti flokkast sem áreitni. Stuðningur á slíkum stundum er ómetanlegur.

Nemendur og kennsla

Framkvæmd:

Menntun og skólastarf

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Árangursmat (Hvenær?)
Að nemendur læri að þekkja og tjá eigin tilfinningar	Unnið í Uppeldi til ábyrgðar með tilfinningar og þarfir	Stýrihópur/umsjónarkennari	Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur tvisvar á ári.
að nemendur virði tilfinningar, skoðanir og lífsgildi annarra óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun.	Unnið í Uppeldi til ábyrgðar	Stýrihópur/umsjónarkennari	Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur tvisvar á ári.

Menntun og skólastarf

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Árangursmat (Hvenær?)
að námsgögn og kennsluaðferðir mismuni nemendum á engan hátt.	Einstaklingsmiðað nám s.s. fjölbreyttar náms og kennsluaðferðir	Kennarar/skólastjóri/ námskrárhópur	Sjálfsmatshópur leggur fyrir könnun um kennsluhætti á hverjum vetri.

Menntun og skólastarf

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Árangursmat (Hvenær?)
Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fá strákar og stelpur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Fá atvinnukynningar í skólann frá fólki af vinnumarkaði. Fjölbreytt starfskynning fyrir bæði kyn Áhugasviðsgreinin g í 10. bekk	Skólastjóri/umsjónarkennari Skólastjóri/umsjónarkennari Umsjónarkennari/námsráðgjafi	Vor og haust Fá umsögn nemenda og foreldra að hausti Mars ár hvert

Menntun og skólastarf

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Árangursmat (Hvenær?)
Gagnkvæm og traust samvinna við ýmis félagasamtök.	Gott upplýsingaflæði.	Skólastjóri / forsvarsmenn félagasamtaka.	Jafnt og þétt yfir árið eða eftir þörfum.
Gagnkvæm og traust samvinna við heimilin.	Skólastarf vetrarins kynnt í samtölum að hausti og farið yfir þarfir nemenda. Að auki eru tvö önnur samtöl yfir veturinn þar sem farið er yfir stöðu nemenda. Vikulega sendur póstur um bekkjarstarfið.	Skólastjóri/umsjónarkennari.	Skólapúlsinn lagður fyrir foreldra annað hvert ár og þrjú samtöl milli heimilis og skóla yfir skólaárið.

Menntun og skólastarf

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Árangursmat (Hvenær?)
Að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og gera öllum ljóst að slíkt sé ekki liðið í skólanum.	<p>1. bekk. Bókin Þetta eru mínir einkastaðir.</p> <p>2. bekk. Verkefni Blátt áfram.</p> <p>Miðstig – almenn kynfræðsla og siðfræði.</p> <p>Kynfræðsla í 9. bekk. Myndin „Fáðu já“ sýnd á unglíngastigi – umræður.</p>	<p>Umsjónarkennari</p> <p>Skólastjóri/umsjónarkennari.</p> <p>Skólahjúkrunarfræðingur og umsjónarkennari.</p> <p>Skólahjúkrunarfræðingur og umsjónarkennari.</p>	<p>Að vori</p> <p>Að vori</p> <p>Miðönn.</p> <p>Miðönn</p>
Að koma í veg fyrir einelti og að öllum sé ljóst að slíkt sé ekki liðið í skólanum.	Unnið samkvæmt Olweusaráætlun gegn einelti	Stýrihópur og umsjónarkennari.	Olweusarkönnun lögð fyrir í nóvember.

Skólastjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað. Ef skólastjóri er kærður vegna ætlaðrar kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti aðstoðarskólastjóri taka slíkar ákvarðanir. Komi upp slík mál verða þau sett í ákveðinn farveg sbr. eineltis- og áfallaáætlun skólans.

Starfsmenn:

Framkvæmd:

Launajafnrétti

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
•Að konur og karlar njóti sömu launakjara og hafi jafna möguleika á launuðum aukastörfum innan skólans.	•Laun borguð samkvæmt kjarasamningi. Allir starfsmenn hafa rétt á koma fram óskum í starfsmannaviðtali um vinnutíma.	•Skólastjóri	•Að hausti þegar starfsmenn skrifa undir ráðningarsamning.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
•Að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttisлага.	•Auglýsingar um laus störf auglýst í opinberum miðlum Umsækjendur af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um laus störf.	•Skólastjóri	•Um leið og staða losnar og/ef þarf að ráða nýjan starfsmann.
•Að starfsfólki séu tryggðir möguleikar til endurmenntunar og starfspróunar óháð kyni og við úthlutun verkefna sé þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.	•Allir starfsmenn fá jafna úthlutun úr endurmenntunarsjóði skólans.	•Skólastjóri/ Mannauðsstjóri Fjarðabyggðar	•Á endurmenntunartíma starfsmanna yfir árið samkvæmt kjarasamningi.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<ul style="list-style-type: none"> •Að skólinn geri starfsfólki sínu kleift að samræma störf sín og skyldur gagnvart fjölskyldum með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða öðru fyrirkomulagi eftir því sem við verður komið. 	<ul style="list-style-type: none"> •Starfsmannaviðtöl eru vettvangur starfsmanna til að koma óskum sínum á framfæri varðandi vinnutíma. 	<ul style="list-style-type: none"> •Skólastjóri 	<ul style="list-style-type: none"> •Febrúar til apríl
<ul style="list-style-type: none"> •Starfsmannaviðtöl séu notuð til að kanna líðan og skoðanir starfsmanna m.t.t. jafnréttis. 	<ul style="list-style-type: none"> •Starfsmannaviðtöl haldin í febrúar ár hvert. Að auki geta starfsmenn óskað eftir viðtölum við stjórnendur á öðrum tímum. 	<ul style="list-style-type: none"> •Skólastjóri 	<ul style="list-style-type: none"> •Febrúar til apríl

Kynbundin og kynferðisleg áreitni

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<ul style="list-style-type: none"> •Kynferðisleg áreitni er ekki liðin á vinnustaðnum. 	<ul style="list-style-type: none"> •Fræðsla um einelti og kynferðislega áreitni fyrir starfsfólk. 	<ul style="list-style-type: none"> •Skólastjóri 	<ul style="list-style-type: none"> •Á starfsmannafundi að hausti
<ul style="list-style-type: none"> •Að starfsmenn séu meðvitaðir um jafnréttisáætlun skólans. 	<ul style="list-style-type: none"> •Umræða um jafnréttisáætlunina, bæði það sem snýr að starfsmönnum og nemendum, skuli taka upp árlega á starfsmannafundum. 	<ul style="list-style-type: none"> •Skólastjóri 	<ul style="list-style-type: none"> •Á starfsmannafundi að hausti